

## Howard Gardner

Gardner er einn af þeim sem sér þann margbreytileika sem birtist okkur í öllum þeim einstaklingum sem verða á vegi okkar í lífinu. Hann vill að það sé tekið meira mið af þeim fjölbreytileika sem býr í okkur öllum og vill gera öllum greindunum jafn hátt undir höfði. Hann gaf út bókina *Frames of Mind* árið 1983 þar sem hann setti hugmyndir sínar um fjölgreindakenninguna fram í fyrsta sinn. Bókin gjörbylti heimi menntunar og sálfræði með þeim hugmyndum að það væri ekki bara til ein greind eins og mæld er í greindarprófi, heldur fleiri.

